

Veðurstofa Íslands
Þorsteinn Þorsteinsson
Bústaðavegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 30. júní 2023
UST202306-343/R.K.
09.02

Efni: Fyrirspurn - tilraun á Oki í ágúst

Vísað er til fyrirspurnar sem barst Umhverfisstofnun dagsett 22. júní 2023 þar sem spurt er hvaða leyfi þurfi til þess að framkvæma rannsóknir með kvarsleir (kaolíniti) á 10x10 m fláka á ís hjá fyrrverandi jöklinum Oki. Alls mun nokkrum tugum kílóa af efninu verða stráð á yfirborð ísfláka auk þess sem veðurstöð yrði rekin þarna um 1-2 mánaða skeið (ágúst-haust 2023). Allur búnaður verður fjarlægður að rannsókn lokinni og reiturinn hreinsaður.

Umhverfisstofnun fer með stjórn vatnamála og er Ok innan grunnvatnshlotsins 104-299-G, Geitlandshraun. Í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir í 12 gr. laganna að vernda skulu yfirborðs- og grunnvatnshlot og tryggja að ástand þeirra versni ekki. Ekki er talið líklegt að umræddur leir komi til með að valda því að umhverfsmarkmið grunnvatnshlotsins hnigni, en tryggja skal að fyrir allan búnað tengdri rannsókninni þ.m.t ef nota á díselrafstöðvar að viðeigandi lekavarnir séu til staðar ef til mengunarslyss kæmi sbr. reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Í fyrri samskiptum var bent á að æskilegt væri að hafa samband við viðkomandi heilbrigðisteftirlit varðandi dreifingu á leirnum, og á það ennþá við hafi það ekki verið gert nú þegar.

Ekki þarf sérstakt leyfi fyrir rannsókninni á grundvelli laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem er Ok er hvorki á friðlýstu svæði, í þjóðarði né á náttúruminjasrá. Þá nýtur svæðið ekki sérstakrar verndar skv. 61. gr. laganna og þarf því ekki á grundvelli þeirrar greinar að leita umsagnar Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdaleyfi.

Virðingarfyllt

Ríkey Kjartansdóttir,
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir,
lögfræðingur